
Menningarstefna

Arnar Pálsson og Ingunn Guðmundsdóttir

Capacent_

Sköpum rými



Eflum tengslin



**Föngum
fjölbreytileikann**



Segjum sögur



Sköpum rými

Aðstaða

Mosfellsbær greiðir götur listamanna og listunnenda og útveggar **vettvang** fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi sem og tryggir **aðgengi allra**. Hlúð er að **frumkvæði íbúa** og **hvatt til þátttöku** þeirra í menningarstarfsemi innan og utan Mosfellsbæjar.

Leiðir/aðgerðir:

- Nýta þær stofnanir og húsnæði sem bærinn hefur yfir að ráða í þágu lista og menningar.
- Leggja mat á rekstrarform Hlégarðs og móta á þeim grunni framtíðarsýn fyrir nýtingu og þróun á starfsemi í húsinu.
- Vinna áætlun um breytingar á Hlégarði, hanna þær og skipta þeim upp í áfanga.
- Nýta aðra hæð Hlégarðs sem listasmiðju og fundaaðstöðu fyrir starfandi listamenn og félagasamtök.
- Vinna að verkefnum sem styðja við uppbyggingu Álafosskvosarinnar og varðveita það yfirbragð og þel sem þar þekkist.
- Tryggja framtíðaraðstöðu til leiklistarstarfs fyrir Leikfélag Mosfellsbæjar og skóla bæjarins.
- Kanna til hlítar möguleika á útleikhúsi við Álafosskvos.
- Efla lista- og menningarsjóð og veita árlega styrki til verkefna á sviði lista og menningar þar sem lögð verði áhersla á að þau verkefni sem hljóta styrk séu öllum opin.
- Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar taki þátt í og leiði vinnustofur á sínu sviði.
- Útilistaverkum verði fjölgað á opnum svæðum

Föngum fjölbreytileikann

Fjölbreytileiki

Markvisst stuðlað að því að menningarlíf bæjarins sé **fjölbreytt** og áhugavert fyrir **alla hópa** samfélagsins. Lögð er áhersla á **nýsköpun**, **frumkvæði** og að **nýjum hugmyndum** sé tekið fagnandi og fundinn farvegur.

Leiðir/aðgerðir:

- Vinna að jöfnum tækifærum fyrir þá sem vilja skapa list og vinna að menningartengdum verkefnum innan Mosfellsbæjar.
- Stuðla að samvinnu milli ólíkra hópa á sviði menningar og milli ólíkra listgreina.
- Efla ungmennahúsið Mosinn og auka samstarf ungs fólks á sviði lista og menningarmála.
- Komið verði á árlegri fjölmeningarhátíð í Mosfellsbæ þar sem íbúar geta kynnst menningu og siðum ólíkra landa.
- Hvetja nýja íbúa í Mosfellsbæ til að taka virkan þátt í menningarlífi bæjarins.
- Halda á lofti og þróa áfram árlega viðburði sem hafa fest sig í sessi: Þrettándabrenna, Menningarvor, Þjóðhátíðardagskrá, bæjarhátíðin Í túninu heima og Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar.
- Þróa nýja atburði með menningartengdum áherslum.

Eflum tengslin

Samstarf

Sérstaklega hlúð að liststofnunum og **gott flæði** tryggt á milli þeirra og annarra hluta samfélagsins. Horft verði til þess að **samtvinna menningu** inn í daglegt líf **barna og unglinga** og tryggja vettvang þar sem hægt er að leiða saman **atvinnulíf og listsköpun**.

Leiðir/aðgerðir:

- Leggja rækt við menningaruppeldi barna og stuðla að þátttöku barna og ungmenna í menningarstarfi með fjölbreyttu framboði af menningu.
- Efla menningartengda ferðapjónustu með því að auka samstarf við ferðapjónustuaðila
- Skoða möguleikann á að tengja betur saman starfsemi Hlégarðs og Álafoskvosar.
- Setja á laggirnar ullarsafn í samstarfi við ullarframleiðendur, listafólk og ferðapjónustuaðila
- Leita leiða til að sækja fjármagn í opinbera sjóði erlendis frá.

Segjum sögur

Náttúran og sagan

Sál og sögu bæjarins er haldið á lofti með þeirri **sérstöðu** sem bærinn býr yfir og hefur skapað sér. Tengslin við náttúruna og söguna er **órjúfjanlegur partur** af menningarlífi bæjarins í gegnum söfn og aðra menningartengda viðburði.

Leiðir/aðgerðir:

- Efla Bókasafn Mosfellsbæjar sem menningarmiðstöð sem er opin öllum íbúum bæjarins
- Auka sýnileika safneignar Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar
- Búa til menningarapp
- Fjölga áhugaverðum stöðum til að heimsækja svo sem:
 - Norðurljósalaug – Reykjalaug
 - Ullarsafn
 - Fellin – 7 tinda hlaup
 - Meltúnsreitir
 - Kaffihús í gróðurhúsi
- Bjóða upp á fleiri viðburði og áfanga tengda sögunni eins og:
 - Skáldagöngur
 - Stjörnusköðun